



FRÁ LANDFRÆÐISFÉLAGINU Í BERLÍN

(1911)

Landfræðisfélagið í Berlín er eitt af helztu félögum, sem til eru þeirrar tegundar, og elzt annað en landfræðisfélagið í París. Er þar einkum að minnast annarra eins manna og Alexanders von Humboldts, Karls Ritters og Ferdinands von Richthofen. Var Richthofen forseti félagsins, þegar hann lézt, 1905, flestum harmdauði. Hann var einn af helztu vísindamönnum Þjóðverja, brautryðjandi jarðfræðingur og aðalmaður hinnar nýju, vísindalegu landafræði, sem er mjög nátengd jarðfræðinni. En eftir dauða Richthofens skipar Albrecht Penck þar öndvegi og situr á kennarastóli hans í háskólanum í Berlín. Er Penck jafnframt einhver mesti ísaldarfræðingur, sem nú er uppi.

Landfræðisfélagið er til húsa í höll einni í Vilhjálmsstræti, og á þar bústað betri en flestir, sem þá vísindagrein stunda. Er þar yfir 30,000 binda safn af jarðfræði- og landfræðibókum, og lögð fram öll helztu tímarit í þeim greinum. Er það býsn, sem prentað er í mánuði hverjum og óskandi, að þar færí meir vit eftir vexti. En þó er viðast verr en í þeim greinum.

Á tveim fundum var ég í landfræðisfélagini í Berlín. Á öðrum fundinum flutti ég, eftir ósk Pencks, erindi um jarðfræði og landfræði Íslands, sem síðan hefir verið prentað í tímariti félagsins. Umræður urðu nokkrar eftir á. Penck talaði auðvitað bezt og gat þess, að Íslendingar hefðu sjálfir drýgstir orðið til að rannsaka og skilja land sitt, og væri slíkt furða um jafn-fá-menna þjóð. Hvatti hann jafnframta landa sína til að veita Íslandi meiri eftirtekt en þeir hefðu gert. Gaman var að heyra,

hvað laglega Penck fór að koma áheyrendum í skilning um, hversu örðugt og víðáttumikið land Ísland er, og hefði ekki þurft meira til að sannfærast um, hvílíkur listakennari hann er.

Á hinum fundinum var það Norðmaður, sem talaði, Isaachsen höfuðsmaður. Varð ég þess að visu ekki var, að hann hefði fundið neinar vísindalegar nýjungar, en ferðasaga hans var fróðleg, og margar góðar landslagsmyndir. Frá Spitzbergen var það, sem hann sagði, og hafði furstinn af Monaco kostað förina. Er Isaachsen rösklegur maður og hafði verið í för með Sverdrup á „Fram“ Nansens. Eftir fyrirlesturinn var skotið á veizlu og hefi ég aldrei verið í samkvæmi með jafn-víðförlum veizlugestum. Sumir voru komnir norðan frá Spitzbergen, en aðrir austan úr Mið-Asíu. En ýmsir höfðu farið víða um lönd beggja megin Atlantshafs og miðbaugs jarðar. Þar var sonur skáldsins Jónasar Lie, úr sendinefndinni norsku, lítill maður, hvatlegur. Kom mér til hugar, er ég heyrði til þeirra Isaachsens, eins og oftar er ég heyri Norðmenn tala dönsku (norsku kalla þeir það), maður, sem hleypir óragur á kargapýfi, en vill verða ógreiðfært, þó að hann sé ekki illa ríðandi. Finnst mér eftirtektarvert mjög það strið, sem er milli þess, sem Norðmenn hugsa, og þess, sem þeir tala. Forfeðurnir töluðu miklu lengur norrænu en niðjar þeirra dönsku, og norrænan, neðst niðri í vitund þeirra, vill toga þá frá dönskunni. Þess vegna er það, sem þeir bera svona undarlega fram „au“ til að mynda, eins og í fjallsnafninu Gausta. Þar er hvorki íslenzkt „au“ né danskt. En raunar er þetta upphaflega bæjarnafn: Gautsstaður, og er þetta lítið sýnishorn þess, hve hryggilega norrænan er farin í Noregi.

En þarna í landfræðisféluginu í Berlín mátti sjá allmarga foringja úr hinum fræga, þýzka her. Voru það gervilegir menn að sjá, enda eiga þeir betri kost menntunar en flestir aðrir, bæði að skynsemi, vilja og vöðvum. Ýmsir af mönnum þessum voru aðalsmenn, en nöfnum þeirra hefi ég gleymt. Mér er einkum minnisstæður uppgjafa herforingi, sem á var fyrirtaks ljónsandlit. Fékkst hann nú í elli sinni við rannsóknir á rómverskum fornmenjum. Ýmsir vísindamenn voru þarna líka, auk Pencks, sem verður að telja með þeim fremstu í sínum greinum, eins og veðurfræðingurinn Hellmann. Að vera kennari við háskólann í Berlín er mikil virðingarstaða, því að þangað er valið

úr kennurum við aðra þýzka háskóla, og þó að stundum mætti sjálfsagt velja betur, þá má þarna heita einvalalið. Og slík staða er ekki lítil hjálp til að öðlast orðstír í vísindaheiminum, því að á Þýzkalandi er ekki fremur en annars staðar, eða jafnvel síður, nóg að vera mikill af sjálfum sér, ríkið verður að marka manninn, það er embættið, sem virðingar nýtur, meir en maðurinn, hversu framúrskarandi sem hann er. Kemur þetta mest af því, að flesta vantar dómgreind, til að þeir geti sjálfir séð, hvað þeir menn eru í rauninni, sem þeir umgangast, og nokkuð af því, að það, sem menn helzt bera lotningu fyrir, er það vald, sem stöðuna hefir veitt. Frú Elisabet Nietzsche, systir heimspekkingsins fræga, sagði mér, að heldur hefði bróður hennar þótt vinirnir faekka, eftir að hann sagði af sér háskólakennarastöðu, og þótti þeim minnka við það vegur hans, sáu ekki hvers virði maðurinn var og hversu mikinn rétt hann hafði til að segja: Die Berufenen brauchen keinen Beruf. Kallaðir þurfa ekki embættis við, til að geta unnið gagn sjálfum sér, þjóð sinni og mannkyninu, og eiga rétt á sér.

Út af þessum hugleiðingum verður mér að minnast þess, hvað Berlin er konunghollur bær. Hvar sem gengið er um þessa strætabreiðu borg, blasir við hið hrokafulla og harða andlit keisarans Vilhjálms II., einkennilega harðmynnt eða harðmúlað af viljafestu. Keisarasynirnir eru auðvitað líka víða á myndum, og einkum keisaraefni og sonur hans, fárra ára, sem getur orðið keisari Þjóðverja seint á 20. öld, þegar margt getur orðið breytt frá því, sem nú er, og japanaðir Kínverjar verða ef til vill búningar að fá yfirráðin í Evrópu og Ameríku, sakir heimsku og sundurlyndis hvítra manna, sem hafa fyrir guði þá Mammon og Mólokk og dýrka þá með hroðalegum mannblótum, eins og þegar einhverjir veslings Ítalir eru skornir sundur lifandi, lið fyrir lið, í Afríku, og píndir á hryllilegasta hátt, af því að einhverja gróðagýðinga ítalska, og ef til vill aðra, og gróðaklerka langaði til að auðgast á jarðakaupum þar suður frá. Keisaraefnið yngsta er af myndað á hestsbaki og í hermannabúningi, svo líttill sem hann er, og er þar snemma beygður krókurinn til þess hermannstands, sem konungsfólk álítur sér mest sæma.

Út um gluggann á gesthúsini, sem ég bjó í, mátti á hverju um morgni kl. 7 sjá fara fram hjá út á æfingavöllinn eina af

hinum fríðu, þýzku hersveitum; glóði þar á vopn og annan búnað, og söngfæri, því að þeir fóru með dynjandi lúðrum og byljanandi bumbum og léku jafnan eitthvert dillandi danslag. Og einu sinni eitt undrafagurt, sem ég hefi, því miður, hvorki heyrt áður né síðan. Pótti fólkini að götunni auðsjáanlega hin mesta skemmtun að sjá og heyra og þusti út í gluggana, og sumt fáklætt. Lögnum var oft dálítið breytt að hljóðfalli, eins og skiljanlegt er, þegar söngmenn voru oft riðandi, en þá er ekki gott að hljóðfallið sé mjög tilbreytilegt. En mér kom til hugar, hversu margt það er á Þýzkalandi, sem lagað er eftir þörfum herliðsins, og það jafnvel stundum þar, sem sízt skyldi ætla. Jafnvel í skólabókum er ýmislegt, sem vekur hjá þroskuðum lesendum ýmsar hugsanir um þessa herskáu ættjarðarást, sem er að sumu leyti svo fánýt, og mest leifar af fornu sameiginlegu hatri á útlendingum. En væri ættjarðarástin það, sem hún ætti að vera, þá væri ekki hætt við, þegar logar upp úr, þessum grimmu innanlandsstyrjöldum, sem koma mönnum næri því til að efast um framtíð mannkynsins, eins og blóðsúthellingarnar hryllilegu, sem urðu á Frakklandi, þegar lenti saman fátæklingum og efnamönnum, og barizt var af enn þá meiri grimmd en þegar Frakkar og Þjóðverjar höfðu átzt við.